

Skýrsla skólaráðsfulltrúa 2011-2012.

Skólaráð hefur komið saman fimm sinnum í vetur. Þrjár fundir voru fyrir áramót og tveir eftir áramót. Til stendur að halda einn fund til viðbótar áður en skóla lýkur.

Fyrir hönd foreldra sitja í ráðinu þær **Særún Sigurjónsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir.**

Aðrir í ráðinu eru þau Anna Guðný Björnsdóttir f.h. starfsmanna, Eiríkur Ólafsson og Rúna Björk Þorsteinsdóttir f.h. kennara, Bolli Magnússon og Baldur Freyr Hilmarsson, f.h. nemenda, Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri og Össur Geirsson, kosinn af skólaráði fyrir grenndarsamfélag skólans.

Varamenn foreldra eru Selma Guðmundsdóttir og Svanhildur Ástþórsdóttir.

Verkefni vetrarins hafa verið fjölbreytt.

Strax í haust var farið í gegnum starfsreglur, skólareglur og reglugerð um skólabrag, stefnumótun skólans og fjárhagsáætlun skólans. Mat á skólastarfi (í formi samræmdra prófa, Skólapúlsinn, og kannana) skóladagatal næsta vetrar og stefnumótun síðasta árs. Í lok skólatímabils verður farið yfir símenntunaráætlun, starfsmannamál fyrir skólaárið 2012-2013 ásamt starfsáætlun og matskýrslu skólans eftir stefnumótunardaginn laugardaginn 12.maí.

Einnig komu fulltrúar frá Kópavogsbæ til að ræða við skólaráðið um umferðaröryggismál í skólahverfinu ásamt því að farið var yfir nýja aðalnámsskrá sem var verið að gefa út í vetur og á að innleiða á næstu misserum.